

Veiðihús við Hafralónsá

viðbrögð við athugasemdum vegna aðal- og deiliskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Fiskistofa, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Norðausturlands og Vegagerðin.

Skipulagslýsing ASK og DSK	Vinnslutillaga ASK br. Kynntar 12.8.2024-23.8.2024	Auglýstar tillögur. Kynntar 18.10.2024-30.11.2024
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (Skipulagsgátt 26.03.2024)		
<p>Samantekt umsagnar: HNE hefur kynnt sér gögn málsins og gerir ekki athugasemdir á þessu stigi, en bendir á nauðsyn þess að besta fánleg tækni verði nýtt viðhönnun fráveitu frá þessum byggingum, í ljósi nálægðar þeirra við Hafralónsá.</p> <p><i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeigenda Settir verða skilmálar í deiliskipulagi sem kveða á um að besta fánleg tækni verði nýtt við hönnun fráveitu og samráð skuli haft við Heilbrigðiseftirlit Norðausturlands við staðsetningu og frágang á rotþró.</p>		
Minjastofnun(Skipulagsgátt 02.04.2024)		Minjastofnun (01.11.2024)
<p>Samantekt umsagnar: Minjastofnun bendir á að fornleifaskráningu þarf að vinna innan deiliskipulagssvæðisins samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands. Taka þarf tillit til minja ef þær finnast innan svæðisins við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsupprátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.</p> <p><i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeigenda:</p>		<p>Sama umsögn fyrir br á ASK og nýtt deiliskipulag</p> <p>Fornleifaskráning hefur farið fram. Engar fornleifar fundust á skipulagssvæðinu og gerir Minjastofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi eða nýtt deiliskipulag</p> <p>Skipulagsnefnd ()</p> <p>Landeigandi LE ()</p> <p>Ekki þörf á viðbrögðum</p>

<p>Skráning fornminja verður unnin samhliða vinnu við deiliskipulagstillögu og útlínur sýnilegra fornleifa munu færð inn á skipulagsupprátt komi í ljós fornminjar á deiliskipulagssvæðinu</p>		
<p>Vegagerðin (Skipulagsgátt 04.04.2024)</p>		<p>Vegagerðin (28.11.2024)</p>
<p>Samantekt umsagnar: Vegagerðin gerir ekki athugasemd en bendir á umsögn við fyrri skipulagslýsingu. Í fyrri umsögn kom fram að samráð skuli haft við Vegagerð vegna veltenginga.</p> <p><i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeiganda:</p>		<p>umsögn fyrir ask br.</p> <p>Bent er á að Tunguselsvegur 8770 er sagður vera tengivegur en er á vegaskrá sem héraðsvegur.</p> <p>Staðsetning tengingar vegar að veiðihúsi við Tunguselsveg þarf að vera í samráði við Vegagerðina og uppfylla kröfur Vegagerðarinnar og vegsýn þarf að vera nægjanleg.</p> <p>umsögn fyrir nýtt dsk</p> <p>Skipulagsnefnd SN ()</p> <p>Landeigandi LE ()</p> <p>texti lagfærður þar sem Tunguselsvegur er sagður héraðsvegur og bætt við texta um samráð við Vegagerð varðandi tengingu vegar að veiðihúsi við Tunguselsveg.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands (04.04.2024)</p>		<p>Náttúrufræðistofnun (28.11.2024)</p>
<p>Samantekt umsagnar NÍ: Bent er á að lóðin er staðsett í mikilli nálægð við votlendi sem fellur undir ákvæði 61. Gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og því þurfi að huga mjög vandlega að því við skipulag og framkvæmdir að votlendið verði fyrir sem minnstu raski. Bent er á að efnistökusvæði sé mjög nálægt Hafalónsá og tryggja þurfi að efnistakan hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna.</p> <p><i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeiganda:</p> <p>Við staðsetningu bygginga verður lögð áhersla á að þær verði ekki staðsettar á votlendi og að rask á gróðri með hátt verndargildi verði lágmarkað.</p>		<p>Sama umsögn fyrir dsk og ask br.</p> <p>NÍ bendir á að lóðin sé á lítt snortnu landi í mikilli nálægð við votlendi sem fellur undir vernd í 61. Gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. NÍ bendir á að huga þurfi mjög vandlega að því við skipulag og framkvæmdir að votlendið verði fyrir sem minnstu raski.</p> <p>Huga þarf að því að fyrirhuguðu efnistaka nálægt Hafalónsá hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna.</p> <p>Mikilvægt er að notast verði við staðargróður og ekki notaðar framandi og möguleg ágengar tegundir á svæðinu.</p> <p>Skipulagsnefnd SN ()</p> <p>Landeigandi LE</p> <p>Unnin hefur verið úttekt á votlendi svæðisins og það kortlagt með meiri nákvæmni (Náttúrustofa Austurlands). Við staðsetningu bygginga verður lögð áhersla á að þær verði staðsettar utan votlendis.</p>

<p>Fiskistofa (22.05.2024)</p>		
<p>Samantekt umsagnar: Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við áform sem felast í kynntu deiliskipulagi, en bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. <i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeiganda: 50 metra lína frá árbakka er sýnd á skipulagsupprætti. Byggingarreitir eru í a.m.k. 50 m fjarlægð frá árbakka.</p>		<p>Fiskistofa FS (31.10.2024) umsögn fyrir ASK Bendir á að fjalla þurfi um möguleg áhrif á lífríki í vatni eða aðstöðu til veiði. Framkvæmdir kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu s.b. 33. Gr. laga nr. 61/2006 Bent er á að umsókninni skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á lífríki árinna eða aðstöðu til veiða.</p> <p>umsögn DSK</p> <p>Skipulagsnefnd SN (12.12.2024)</p> <p>Landeigandi LE</p> <p>Aflað hefur verið umsagnar veiðifélags og álits sérfræðings. Leyfi frá Fiskistofu liggur fyrir.</p>
<p>Umhverfisstofnun (22.05.2024)</p>		<p>Umhverfisstofnun (25.11.2024)</p>
<p>Samantekt umsagnar Ust: Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins (sbr. mynd 3.4) er votlendi 1 sem felur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins. Auk þess þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á votlendi í umhverfismati. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (http://vistgerdakort.ni.is/) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll ,spói, þúfútittlingur hrossagaukur, jaðrakan,og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Bent er á að lóuprætt og spói eru ábyrgðartegundir íslands og stofnunin telur mikilvægt að byggingarreitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.</p>		<p>Þar sem tillagan nær til svæðis sem hefur verndargildi þarf að fjalla um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd þessara svæða.</p> <p>Ufst bendir á að innan skipulagssvæðisins er einnig að finna tjarastararflóavist í töluverðu mæli og runnarmýravist á láglendi í litlu mæli. Vistgerðir með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.</p> <p>Vistgerðir á svæðinu einkennast af ríku fuglalífi og er algengt að t.d. varpfuglategundirnar lóuprætt og spói nýti þar til varps. Ufst bendir á að lóuprætt og spói eru ábyrgðartengur Íslands. Mikilvægt að ofangreint komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.</p> <p>Skoða þarf áhrif tillögunnar á votlendi vel og mikilvægt að afmarka framkvæmdir með tillit til votlendisins.</p>

<p>Stofnunin bendir á mikilvægi þess að stærð efnistökusvæðanna og hversu mikið efni á að taka úr þeim og hvort efnistökusvæði séu skilgreind í aðalskipulagi..</p> <p><i>Svar skipulagsnefndar:</i></p> <p>Viðbrögð landeiganda: Við staðsetningu bygginga verður lögð áhersla á að þær verði ekki staðsettar á votlendi og að rask á gróðri með hátt verndargildi verði lágmarkað. Forðast skal af fremsta megni að raska ró fugla á varptíma og halda framkvæmdum í nágrenni við varplönd í lágmarki Efnistaka.</p>		<p>Ufst leggur áherslu á að fjallað sé nánar um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins.</p> <p>Ufst. Bendir á þann möguleika að kortleggja votlendið með meiri nákvæmni.</p> <p>Ufst. Bendir á misræmi í tillögunni varðandi hvort votlendi verði ekki raskað eða votlendi verði raskað lítillega. Bl. 17 annarsvegar og bls. 11 og 18.</p> <p>Rökstyðja þarf ákvörðun ef gert er ráð fyrir að votlendi verði raskað.</p> <p>Skipulagsnefnd SN ()</p> <p>Landeigandi LE ()</p> <p>Unnin hefur verið úttekt á votlendi svæðisins og það kortlagt með meiri nákvæmni (Nátturufræðistofa Austurlands). Við staðsetningu bygginga verður lögð áhersla á að nýta þær upplýsingar sem fengust við nákvæmari kortlagningu votlendis til að staðsetja byggingar utan votlendis.</p>
--	--	--